

Nd.

448. Nefndarálit

[18. mál]

um frv. til l. um skylduskil til safna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta um skylduskil til safna hefur legið lengi fyrir nefndinni, ekki einasta á þessu þingi, heldur nokkur undanfarin þing. Þar sem frv. gerir ráð fyrir gerbreytingu á því, hver skylda skuli lögð á prentsmiðjur, í reynd útgefendur, í sambandi við ókeypis afhendingu bóka og annars útgefins ritmáls til bókasafna, hefur gætt andstöðu innan og utan þings um að samþykkja frv. þetta breytingalaust. Menntamálanefnd er ekki að öllu sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hluti leggur til að frv. verði samþykkt með tilteknum breytingum, en minni hluti nefndarinnar (Magnús T. Ólafsson og Svava Jakobsdóttir) skilar sérálit.

Samkvæmt gildandi lögum um þetta efni, lögum nr. 11/1949, um afhendingu skyldueintaka til bókasafna, er almenna reglan sú, að prentsmiðjum og fjölritunarstofum (í reynd útgefendum) er skylt að afhenda Landsbókasafni í örkum 12 eintök útgefinna rita, sem Landsbókasafnið dreifir síðan til ákveðinna safna, sumra erlendra, annars innlendra. Samkvæmt frv. því, sem hér er fjallað um, er gengið út frá að skylduskilaeintökin verði 4. Þessi fækkun úr 12 í 4 kemur að sjálfsögðu niður á mörgum bókasöfnum beint og óbeint, sumpart Landsbókasafni, sem haft hefur nokkur eintök til bókaskipta við erlend söfn, en einnig snertir þetta mjög hagsmuni þriggja bókasafna úti um byggðir Íslands. eru það eftirtalin söfn: Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, sem notið hefur skylduafhendingar síðan 1886, Bókasafn Ísafjarðar, sem notið hefur þessa réttar síðan 1909, og Amtsbókasafnið á Seyðisfirði, sem átt hefur þennan rétt síðan 1907. Þótt stofnað hafi verið til þessa réttar safnanna við aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú gerast, er réttur þeirra bæði löghelgaður og venjubundinn síðustu 70—90 ár, og afnám hans hefur í för með sér rökun fyrir söfnin. Sá dráttur, sem orðið hefur á afgreiðslu málsins í nefndinni, stafar eingöngu af tregðu innan nefndarinnar að afnema þennan gamla rétt með öllu og af skyndingu.

Meiri hluti nefndarinnar gerir sér fulla grein fyrir, að afhending skyldueintaka er kvöð á útgefendum og því meiri sem skila ber fleiri eintökum. Undir það getur meiri hlutinn tekið, að skilaskyldan hér á landi hefur verið óhófleg og að eðlilegt sé að breyta reglum þar um. Einkum er óeðlilegt að skylda útgefendur til að afhenda erlendum söfnun ókeypis bækur og rit. Meiri hlutinn telur því rétt að meginstefnu þessa frv. verði haldið um það að almenn skilaskylda sé 4 eintök og að aðalvarðveislustaðir geymslueintaka séu Landsbókasafn, Háskólabókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri. En jafnframt leggur meiri hlutinn til, að þrjú bókasöfn, þ. e. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, Bókasafn Ísafjarðar og Amtsbókasafnið á Seyðisfirði, njóti þess réttar að fá ókeypis til afhendingar öll rit, sem styrkt eru af almannafé. Skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd slíkrar skyldu.

Breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar eru prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. mars 1977.

Ingvar Gíslason,
form., frsm.

Sigurlaug Bjarnadóttir,
fundaskr.

Ellert B. Schram.

Ey. Kon. Jónsson.

Gunnlaugur Finnsson.